

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Grænlandsleið 23, 25 og 27.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkur þann 8. júní 2012, breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, svæði 3 vegna lóðanna nr. 23, 25 og 27 við Grænlandsleið. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vallengi 14, Engjaskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjóri Reykjavíkur þann 14. júní 2012, breytingu á deiliskipulagi Engjahverfis, hluta c vegna lóðar nr. 14 við Vallengi, Engjaskóli. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Úlfarsbraut, íþróttasvæði Fram.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjóri Reykjavíkur þann 6. júlí 2012, breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Fram við Úlfarsbraut og eystri hluta lóðar Úlfarsbrautar 122-124. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 13. ágúst 2012.

Ólöf Örvarsdóttir.